

Strákarnir okkar?


Alþýðusamband Íslands hélt opin fund í Listasafni Reykjavíkur fimmtudaginn 27. nóvember undir yfirskriftinni Áfram Ísland. Þrjú frummælendur voru á fundinum, allir karlar: Gylfi Arnbjörnsson, Sigurður Bessason og Finnbjörn A. Hermannsson. Fundarstjóri var Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Ætli Gylfi hefði sætt sig við að vera fundarstjóri ef Ingibjörg hefði unnið hann í forsetaslagnum? Verkalýðshreyfingu sem finnst það eðlilegt að útiloka konur frá ræðuhöldum á svona fundum er ekki starfi sínu vaxin. Það eru líka stelpur í þessu liði.

Hin gleymda kona

Á ríkisútvarpinu vinnur margt hugsandi og vel meinandi fólk. Í Viðsjá á þriðjudag var langt innskot um Hinar gleymdu konur og fjallað um m.a. um hin vanmetnu kvenlegu gildi. Það kom í beinu framhaldi af umfjöllun um borgarfundinn á mánudag þar sem Viðsjá sá bara ástæðu til að vitna í karla. Gleymdust Margrét og Silja eða þóttu gildi þeirra ekkert merkilegt?

Dætur þessa lands

„Eða sjálfur landsfaðirinn sem kom af ballinu og lét út úr sér við ungar konur í meðferð í Byrginu og urðu þar þungaðar af völdum eins mesta „psykopata“ landsins að þær hefðu nú orðið óléttar hvort sem er. Svona kemur faðir ekki fram við dætur lands.“ Þetta sagði Margrét Pétursdóttir á borgarafundi á mánudagskvöldið og hélt áfram: „...“ og Geir Hilmar sem segir að ekki sé tími til að sinna jafnréttismálum því nú þurfi að huga að alvöru málum.“



ERNA K

Konan á kassanum

Konur, knýjum fram jafnrétti!

Í sögunni hafa konur sætt lagi þegar aðstæður leyfa breytingar í samfélaginu. Látum þó ekki stutt skref duga í þetta sinn. Hættum ekki fyrr en réttlætið nær fram að ganga. Ekki fyrr en konur hafa fengið þau völd sem þeim ber. Fyrr höfum við ekki tryggt farsæla framtíð á frjósti.

Verkakonan Rosie the Riveter varð táknmynd kvenfrelsis eftir heimsstyrjöldina síðari. Slagorð Rósu, „Við getum það!“ vísaði til þess að konur gætu haldið efnahagskerfi og stríðsgagnaframleiðslu Bandaríkjanna gangandi á meðan karlarnir voru í burtu. Þegar karlarnir hættu að berja hver á öðrum var Rósu gefið frí. Sovéskar Rósur litu einnig dagsins ljós. Stalín hóaði í konur þegar vel áraði í Sovétríkjunum en sendi þær svo snarlega heim aftur þegar kreppti að. Í seinni tíð hefur Rósa staðið fyrir öll smáu skrefin sem tekin hafa verið í átt að jafnrétti og blásið okkur byr í brjósti.

Konur, nú eru kjöraðstæður fyrir kvenfrelsisbyltingu. Fjármálafyrirtækið Auður Capital gaf tóninn. Auður skapaðist í krafti kvenna og reyndist sjálfbær. Auður segir „Við getum það!“. Eftirspurn eftir konum hefur ekki aukist í takti við viðurkenninguna sem þær hafa náðarsamlega hlotið í fjármálageiranum. Stríðinu er lokið og nú þarf að finna eitthvað fyrir niðurlúta karla að gera. Aragrúi grárra jakka-fata þeysist milli funda og fleytir fyrirtækjum og krónu til þess að „halda kerfinu gangandi“. Kerfinu sem var svo rotíð að það sökk. Auður og Rósa eru sannarlega kvenskörungar og veita okkur innblástur, en biðum ekki í þeirri von að þær leiði okkur til jafnréttis. Því nú er þörf á byltingu.

Kvenfrelsisbyltingu.

Eva Bjarnadóttir

Kvennastjórnar tíðindi

2.tbl. 1. árg. nóv. 2008

Launamunur kynjanna 19,5%

Nýverið birtust niðurstöður rannsóknar á launamun kynjanna. Mikill launamunur er á milli karla og kvenna, eða 19,5%. Munurinn er ekki eingöngu kynbundinn heldur er umtalsvert meiri launamunur á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu er leiðréttur launamunur 10,3%, þ.e. búið er að taka tillit til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar í starfi og hvort fólk er launþegar eða sjálfstætt starfandi. Á landsbyggðinni er þessi munur 38%.

Að sögn Einars Mars Þórðarsonar, stjórnmalafraeðings hjá Félagsvísindastofnun HÍ og eins höfunda skýrslunnar, er athyglisvert að skoða muninn á launamun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni út frá orðum Lilju Mósesdóttur hagfræðings um að launamunur kynjanna aukist á krepputímum. „Landsbyggðin kemur verst út varðandi launamuninn og við höfum ekki séð svona tölur fyrr í launakönnunum. Þetta er reyndar fyrsta heildstæða könnunin sem gerð er en við getum velt fyrir okkur að á stórum hluta landsbyggðarinnar hefur ríkt kreppti og þetta er kannski afleiðing af því.“ Einar bendir jafnframt á að lög um launajafnrétti hafi verið í gildi í áratugi. Nú sé einnig fyrirséð að það verði aukin ríkisvæðing fyrirtækja. Með ríkisvæðingu bankanna höfum við séð lækkun launa og að þar hafi ríkt ákveðinn tröppugangur þannig að hæstu launin hafi verið lækkuð mest en lægstu launin hafi haldið sér. Hann bendir á að samhliða launalækkunum hjá fyrirtækjum geti stjórnendur notað tækifærið og leiðrétt launamun kynjanna, endi beri þeim lagalega skylda til að sjá til þess að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar.

Að sögn Kristjónu Stelli Blöndal, hjá félags- og mannvísindadeild HÍ, hefur launamunur kynjanna oft á tíðum verið réttlættur út frá þeirri hugmynd að karlar séu fyrirvinnur heimilisins. Þetta stenst engan veginn nánari skoðun, enda er atvinnuþátttaka kvenna hér á landi einungis örlítið lægri en atvinnuþátttaka karla. Einnig er mun algengara að konur séu fyrirvinnur á heimilum þar sem um eina fyrirvinnu er að ræða.

Konan á götunni:

Auður Alfísa Ketilsdóttir

Það ekki nóg að þingmenn segi af sér og að nýir séu kosnir í staðinn. Ég vil alvöru endurskoðun á því hvað það er að vera pólitíkus og ég vil nýja stjórn sem er auðmjúk í afstöðu sinni til eigin valds. Við höfum lífað í samfélagi sem byggir á frelsi til að misnota annað fólk, ég vil sjá samfélag sem byggir á auðmýkt, virðingu og opnu hjarta.

Réttindi kvenna eru ekki munaður

Hið alþjóðlega 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hófst á þriðjudaginn. Á Íslandi verður sjónun sérstaklega beint að því að standa vörð um mannréttindi kvenna í efnahagskreppunni og leggja áherslu á að opinberar aðgerðir til að vernda mannréttindi kvenna séu ekki munaður sem kasta má fyrir röða þegar skóinn krepptir. Vitað er að efnahagsþrengingar geta leitt til aukins kynbundins ofbeldis og nú þegar leita fleiri konur til Kvennaathvarfsins en vant er.




Leiðari

Vinna er hafin við gerð samfélagssáttmála Neyðarstjórnar kvenna og verða drögin kynnt á næstunni. Fjölmargar konur hafa komið að sköpuninni og er markmiðið að marka starfinu ramma sem og að koma sjónarmiðum kvenna um hið nýja Ísland skýrt á framfæri. Fjölmargar skapandi og skemmtilegar hugmyndir hafa komið fram í ferlinu og er áhersla lögð kvenlæg sjónarmið.

Stungið hefur verið upp á að samfélagssáttmálinn verði ekki byggður upp á hefðbundinn hátt frá 1 upp í 100 eða frá A-Ö heldur verði hann einskonar bútasaumsteppi. Þau verða til úr alls kyns ólíkum einingum sem saman mynda heild en fallegustu mynstrin eru búin til úr smæstu bútonum. Áhersla er lögð á fjölbreytni og mismunandi sjónarmið. Einfaldni og einsleitni eru ekki eftirsóknarverð. Þá hefur verið stungið upp á skipta sáttmálanum ekki upp í hefðbundnar greinar eins og lög og sáttmálar eiga að sér að vera heldur verði hann byggður á fræjum. Því af fræi sprettur stórt tré með djúpar rætur, gjöfula ávexti og falleg blóm.

Neyðarstjórn kvenna hefur nú fengið aðsetur bæði í netheimum sem og raunheimum. Ákveðið hefur verið að opna kosningaskrifstofu í Borgartúni 1 þótt hvorki sé búið að boða til kosninga né að framboð hafi verið ákveðið. Þá er vefsíðan á þessari slóð: www.kvennastjorn.is



Ritstjórnarupplýsingar:

Útgefandi: Neyðarstjórn kvenna
Netfang: kvennastjornartidindi@gmail.com
Ritstýra: Steinunn Gyðu og Guðjónsdóttir
Umbrot og útlitshönnun:
Helga Óskarsdóttir og Marta Valgeirsdóttir

viðtalið

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur vakti mikla athygli þegar hún tók þá ákvörðun að segja sig úr bankaráði Seðlabankans þann 9. október síðastliðinn, skömmu eftir hrun bankanna.

„Ég sagði mig úr bankaráði Seðlabankans af því að við horfumst í augu við að fjármála-kerfið okkar er hrunið og það er gjaldeyris-kreppa og ég tel að þeir sem hafa borið ábyrgðina á þessari mikilvægu stofnun eigi að stíga til hliðar og axla sína ábyrgð. Það þarf að skapa traust um starfsemi Seðlabankans í þeim mikilvægu verkefnum sem framundan eru. Ég taldi mig ekki geta sagt öðrum að víkja til hliðar nema að ég gerði slíkt hið sama. Ég fylgdi sannfæringu minni og sá það sem skyldu mína að opinbera skoðun mína. Að sjálfsögðu voru mér það vonbrigði að bankastjórnin virti þessa beiðni mína að vettugi en það kemur alltaf betur og betur í ljós að þetta er nauðsynlegt.“

Velferðarkerfið grundvöllur

Sigríður hefur verið virk í kvennaráttu í áratuðir auk þess að starfa sem hagfræðingur. Aðspurð um áhrif kreppunnar á konur segir hún þau margþætt. „Margir benda á að til lengri tíma litið missi konur frekar vinnuna en karlar í kreppu. Nú, náttúrulega, hefst atvinnuleysið í fjármála-geiranum og í hefðbundnum karlastéttum eins og byggingariðnaði. Fljótlega fer atvinnuleysi að aukast í afleiddu störfunum í verslun og þjónustu þar sem konur eru í meirihluta en alvarlegustu afleiðingar eru þegar velferðarkerfið verður fyrir barðinu á kreppunni vegna samdráttar í opinberum útgjöldum. Það eru konur sem bæði bera uppi velferðarkerfið og reida sig mest á það. Álagið á konum sem starfa innan þess verður meira og þegar þjónustan minnkur lendir ábyrgðin á konum og eykur mjög vinnuálag kvenna almennt. Það er mikilvægt að muna að það er velferðarkerfið sem gerir atvinnuþátttöku kvenna mögulega.“

Atvinnusköpun fyrir hvern?

Sigríður bendir á að það kæmi sérstaklega illa niður á stöðu kvenna yrði skorð mikið niður í félags- og heilbrigðismálum því þar vinna konur í meirihluta og ef kerfið dregst saman lendir vinnan á konunum. „Það er fagnaðarefni að félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur strax sent út þau skilaboð að flatur niðurskurður sé ekki eðlilegur í svona ástandi.“ En þar á hún við að ekki séu öll ráðuneyti látin skera hlutfallslega jafn mikið niður. „Það þarf að skoða tillögur ofan kjölinn. T.d. hafa sumir varað við niðurskurði í samgöngumálum og framkvæmdum því þetta sé svo atvinnuskapandi. En það er fyrst og fremst atvinnuskapandi fyrir karla. Á meðan er verið að skera niður og taka atvinnu af konum sem eru jafnvel eina fyrirvinnan á sínu heimili því það er fjöldinn allur af konum sem reka einar heimili með börnum.

Litið til heildarinnar

Þetta eru erfiðar pólitískar ákvarðanir sem þarf að taka og mjög mikilvægt að meðvitað fólk, jafnt konur sem karlar, komi að þessari ákvörðunartöku og konur séu leiðandi þar. Það er mjög mikilvægt að í ákvörðunartöku sé tillit tekið til fjölbreyttra sjónarhorna og að litið sé til heildarinnar.“ Sigríður vill að samþættingu kynjasjónarhorna sé beitt en hún snýr að því að meta hvaða áhrif ákvörðun hefur á konur og hvaða áhrif hún hefur á karla. „Ríkisvaldið hefur ekki nýtt sér þessi tæki mikið og það er mjög slæmt að þegar við lendum inni í svona tímabili þá séum við ekki von að nota þessi tæki og tól.“

Ofbeldi gegn konum á dagskrá

Sigríður telur mikilvægt fyrir þjóðina, núna, að gjaldmiðillinn komist í jafnvægi og að tryggt sé að fyrirtækin lognist ekki út af. Með því móti getum við staðið vörð um velferðarkerfið því það er jú fjármagnað með skatttekjum. „En við megum ekki gleyma alvarlegasta vandamáli samfélagsins, ofbeldi. Auknar forvarnir gegn heimilisofbeldi þurfa að koma til því þetta er mjög aðstæðjandi



vandi. Það þarf að styðja við þessar aðgerðir og hafa opna almenna umræðu gegn ofbeldi á konum og börnum. Nú þarf hið opinbera vald að setja meiri kraft í þá baráttu því rannsóknir sýna að erfiðar samfélagsaðstæður valda auknu ofbeldi.“

Stund kvenna runnin upp?

Sigríður er spurð að því hvað hún segi um þær skoðanir sem heyrast nú að jafnréttismálin verði að víkja tímabundið fyrir mikilvægari mállefnum. „Ég er algjörlega ósammála þeim og mér finnst það mjög athyglisvert að fyrstu dagana og vikurnar eftir að neyðarlögin voru sett voru uppi háværar raddir um að nú væri stund kvenna runnin upp. Að nú þyrftum við að fá konur fyrir alvöru að borðinu sem valdhafa, til að taka róttækar ákvarðanir og til að beina samfélaginu okkar inn á rétta braut. En þessar raddir heyrast æ sjaldnar. Konur hafa ekki verið áberandi af hálfu stjórnvalda, það eru karlar sem leiða umræðuna og megnið af því starfi sem í gangi er. Þetta er ferli sem hefst neðan frá í gras rötinni en það er mikilvægt að til staðar sé pólitískur vilji og beitt sé pólitísku aleffi til þess að auka völd kvenna. Nú reynir á stjórnvöld og vilja þeirra til raunverulegra samfélags-breytinga.“